LV-2013-114

Landsvirkjun



# Afkomu- og hraðamælingar á Langjökli

## Jökulárið 2010-2011

**Lykilsíða**

Landsvirkjun

**Skýrsla LV nr:** LV-2013-114

**Dags:** 10-10-2013

**Fjöldi síðna:** 24

**Upplag:** 4

**Dreifing:**

☒ **Birt á vef LV**

☒ **Opin**

☐ **Takmörkuð til**

**Titill:** Afkomu- og hraðamælingar á Langjökli jökulárið 2010-2011

**Höfundar/fyrirtæki:** Finnur Pálsson, Sverrir Guðmundsson og Helgi Björnsson

**Verkefnisstjóri:** Andri Gunnarsson

**Unnið fyrir:** Landsvirkjun

**Samvinnuaðilar:** Jarðvísindastofnun Háskólans

**Útdráttur:**

Afkoma Langjökuls á jökulárinu 2010-2011 var neikvæð um 1.18 m (vatnsgildi, jafndreift yfir allan jökulinn (~880 km2)). Afkoma hefur verið neikvæð öll þau 15 ár sem hún hefur verið mæld, samtals um 21.4 m að vatnsgildi jafndreift yfir jökulinn eða ísþynning um 23.8 m. Á þessu 15 ára tímabili hefur Langjökull tapað um 11 % massa síns. Vetrarafkoman var 1.75 m sem er um 4% yfir meðaltali mælitímabilsins og sumarleysing 2,94 m eða 94% meðalárs frá 1996-97 til 2009-10. Sumarleysing varð mun meiri en ella á safnsvæði jökulsins vegna öskuslikju, sem barst inn yfri jökulinn úr öskuflákum á Vatnajökli og suðurlandi (aska úr Eyjafjallajökulsgosinu 2010 og Grímsvatnagosinu í Maí 2011), en sumarið var í kaldara lagi einkum maí og júní. Þetta ár voru fyrningar eftir jökulárið á um 23% yfirborðsins hæð jafnvægislínu suðurhluta jökulsins 1180 m en 1265 m á norðurhvelinu. Afrennsli leysingarvatns frá jöklinum var um 81 rúmmetrar á sekúndu eða 93 lítrar á sekúndu á hvern ferkílómer að jafnaði yfir árið.

**Lykilorð:** Jöklar, Langjökull, hraðamælingar, afkoma

**ISBN nr:**

**Samþykki verkefnisstjóra Landsvirkjunar**

Andri Gunnarsson

# Afkomu- og hraðamælingar á Langjökli jökulárið 2010-2011

Finnur Pálsson
Sverrir Guðmundsson
Helgi Björnsson

Jarðvísindastofnun Háskólans
og Landsvirkjun

september 2013
RH-19-2013

**Efnisyfirlit**:


1. Inngangur 1
2. Afkomumælingar 2
3. Samandregnar niðurstöður afkomumælinga 3
4. Afrennsli leysingarvatns frá Langjökli 5
5. Hraðamælingar 7
6. Lokaorð 8


**Viðaukar:**


A. Afkoma í mælipunktum jökulárið 2010-2011 10
B. Dreifing afkomu með hæð jökulárið 2010-2011 11
C. Hnit hraðamælipunkta 2011, lega yfirborðshæðarsniða 12
D. Mældur láréttur yfirborðsskriðhraði 2011 14
E. Afrennsli leysingar sumarið 2011 15
F. Modis gervihnattamyndir af Langjökli og nágrenni 2010-11 21


**Myndir:**


1. mynd. Lega afkomumælipunkta 2011. 1
2. mynd. Vetrar-, sumar- og ársafkoma í mælipunktum. 2
3. mynd. Afkoma á mælisniðum. A: Frá sporði Vestari Hagafellsjökuls. upp á hábungu suðurhvels Langjökuls. B: Frá sporði upp á hábungu norðurhvels Langjökuls (norðvestur hluti jökulsins). 2
4. mynd. Afkoma jökuláranna 1996-97 til 2010-2011. 3
5. mynd. Sumarhiti (maí - september) og vetrarúrkoma (október - maí) á Hveravöllum jökulárin 1960-61 til 2010-2011. Heildregnu línurnar eru 11 ára vegin (þríhyrningur) keðjumeðaltöl. (Veðurgögn frá Veðurstofu Íslands). 3
6. mynd. Kort sem sýna vetrar-, sumar- og ársafkomu Langjökuls jökulárið 2010-2011. 4
7. mynd. Flatardreifing Langjökuls með hæð og uppsöfnuð dreifing afkomu með hæð, 2010-2011. 4
8. mynd. Samhengi ársafkomu og: **a**. vetrarafkomu, **b**. sumarafkomu, **c**. hæð jafnvægislínu, **d**. hlutfalls safnsvæðis af heildarflatarmáli (AAR). 5
9. mynd. Helstu vatnasvið og vatnaskil á Langjökli. 6
10. mynd. Meðaltal ársafrennslis leysingarvatns frá vatnasviðum helstu vatnsfalla frá Langjökli 1997-2011. a: Vatnasvið Þingvallavatns (I); b: Vatnasvið Þingvallavatns (II); c: Hvítá í Borgarfirði; d: Hvítárvatn, Hvítá; e: Hagavatn, Sandvatn. 6
11. mynd. Þversnið niður miðjan Hagafellsjökul vestari og mældur yfirborðshraði á því sniði sumurin 1997, 1998, 1999, 2000, 2001 2002, 2003, 2004, 2005, 2006, 2007, 2008, 2009, 2010,2011 og einnig haustið 1998. 8
12. mynd. Meðaltal lárétts yfirborðsskriðhraða sumarið 2011. 8


**Töflur:**


I. Afrennsli leysingavatns frá Langjökli til helstu vatnasviða. 7

# 1. Inngangur.

Árið 2011 vann jöklahópur Jarðvísindastofnunar að afkomumælingum á Langjökli í samvinnu við Landsvirkjun. Í þriðju viku apríl var vetrarafkoma mæld á 24 stöðum á jöklinum og komið fyrir stikum eða vírum til að mæla sumarleysingu. Einnig voru settar upp tvær veðurstöðvar á Hagafellsjökul vestari, en grein verður gerð fyrir niðurstöðum veðurmælinganna annars staðar. Á 1. mynd sést lega mælipunkta, sem dreift var þannig að sem best mynd fengist af breytileika afkomu frá norðri til suðurs eftir jöklinum og á suðurhveli jökulsins. Hreyfing var mæld með Kinematic-GPS í öllum afkomumælinga punktunum, auk þess sem yfirborðshæðarsniðum var safnað með Kinematic-GPS mælinum bæði vor og haust í akstursleiðum milli mælipunkta.
Að vormælingum 16-19. apríl unnu Sverrir Guðmundsson, Sveinbjörn Steinþórsson, Þorsteinn Jónsson og Hlynur Skagfjörð Pálsson. Farartæki var snjóbíll HSSR og einn vélsleði Landsvirkjunar. 10. Júní var farið til að endurmæla L09 og L08 (Finnur Pálsson, Hannes H. Haraldsson, Andri Gunnarsson, Hlín Finnsdóttir og Caroline Ripoche).

Haustmælingar voru unnar í tveimur mæliferðum, sú fyrri 22. september á tveimur 4x4 bílum JH ( Finnur Pálsson, Þorsteinn Jónsson og Hlín Finnsdóttir). Jökullinn var erfiður yfirferðar, úfinn og sprungin á köflum. Því var ávkveðið að bíða þar til snjóað hefði á jökulinn til að klára verkið. Vegna illviðra tafðist það til 18.-19 nóvember var farið á snjóbíll HSSR (Þorsteinn Jónsson, Sveinbjörn Steinþórsson, Hlynur Skagfjörð Pálsson og Halldór Ingi Ingimarsson).
Finnur Pálsson vann úrvinnslu og túlkun mæligagna.




*1. mynd. Lega afkomumælipunkta 2011.*

## 2. Afkomumælingar.

Afkoma var mæld á hefðbundinn hátt. Að vori var tekinn kjarni með rafknúnum kjarnabor niður gegnum árlagið og eðlismassi snævarins fundinn. Á ákomusvæðum voru settar plaststikur en á leysingarsvæðum vírar niður í holur sem boraðar voru með gufubor. Sumarleysing fannst með mælingu á mismun þess sem upp úr stóð vor og haust og eðlismassa fyrninga.

Niðurstöður afkomumælinga í einstökum mælipunktum eru sýndar á 2. mynd og viðauka A. Á 3. mynd er afkomusnið frá sporði V-Hagafellsjökuls upp á miðja suðurbungu jökulsins og einnig frá sporði upp hábungu norðurhvels Langjökuls.




*2. mynd. Vetrar-, sumar- og ársafkoma í mælipunktum.*




*3. mynd. Afkoma á mælisniðum. A: Frá sporði Vestari Hagafellsjökuls upp á hábungu suðurhvels Langjökuls. B: Frá sporði upp á hábungu norðurhvels Langjökuls (norðvestur hluti jökulsins). Meðaltal mælitímabilsins 1996-97 til 2009-10 er sýnt með brotnum línum og staðalfrávik mæliraðar í hverjum punkti með láréttum línum.*

## 3. Samdregnar niðurstöður afkomumælinga.

Eftir mæligildum í afkomumælipunktunum voru gerð stafræn kort til reikninga á rúmmáli afkomu og til að lýsa sumarleysingu á einstökum vatnasviðum. Heildarafkoma Langjökuls 2010-2011 var:

**$B_w$ = 1.54** km$^3$ eða **$b_w$ = 1754** mm
**$B_s$ = -2.57** km$^3$ eða **$b_s$ = -2938** mm
**$B_n$ = -1.03** km$^3$ eða **$b_n$ = -1184** mm

(**B** er heildarrúmmál vatnsgildis, en **b** þykkt vatnsgildis Jafndreift yfir jökulinn, w, s og n stendur fyrir vetur, sumar og ár).

Til samanburðar voru gildi fyrri ára:

| | $b_w$ | $b_s$ | $b_n$ (mm) |
|---|---|---|---|
| 1996-1997 | 1900 | -3200 | -1300 |
| 1997-1998 | 1120 | -2820 | -1700 |
| 1998-1999 | 1502 | -2270 | -768 |
| 1999-2000 | 2130 | -2880 | -750 |
| 2000-2001 | 1273 | -2550 | -1271 |
| 2001-2002 | 1566 | -3222 | -1656 |
| 2002-2003 | 2105 | -4051 | -1946 |
| 2003-2004 | 1789 | -3276 | -1487 |
| 2004-2005 | 1617 | -2511 | -894 |
| 2005-2006 | 1690 | -2970 | -1279 |
| 2006-2007 | 1647 | -3058 | -1411 |
| 2007-2008 | 1999 | -3840 | -1842 |
| 2008-2009 | 2024 | -2386 | -362 |
| 2009-2010 | 1105 | -4910 | -3805 |
| ***Meðaltal$_{(96-11)}$*** | ***1680*** | ***-3130*** | ***-1450*** |




*4. mynd. Afkoma jökuláranna 1996_97 til 2010_11.*




*5. mynd. Sumarhiti (maí - september) og vetrarúrkoma (október - maí) á Hveravöllum jökulárin 1960-61 til 2010-2011. Heildregnu línurnar eru 11 ára keðjumeðaltöl (þríhyrnings-vægi). Veðurgögn eru frá Veðurstofu Íslands.*

Snjósöfnun veturinn 2010-2011 var nærri meðaltali mælitímans (3% hærri), heldur minna safnaðist á sléttuna ofan 1100 m, en meira bæði neðan og ofan hennar (3. og 4. mynd). Ekki er einfalt samband milli úrkomu á Hveravöllum og vetrarafkomu Langjökuls (5. mynd); hitastig þegar úrkoma fellur og úrkomuáttir skipta miklu máli. Á röð gervitunglamynda (viðauki F) sést að nær enginn snjór safnaðist á hálendið í kringum Langjökul allan veturinn.

Sumarleysing var nærri meðallagi, meiri en í meðalagi á efsta hlutanum en minni neðst á jöklinum (3.mynd). Það sumraði seint, nær engin leysing var fyrr en eftir miðjan

júní, og sumarið var ekki sólríkt á Langjökli. Aska barst af yfirborði Vatnajökuls og umhverfi hans inn yfir Langjökul (frá öskuflekkjum úr Grímsvatnagosinu í lok maí 2011 sjá gervitunglamyndir í viðauka F). Þunn öskudreifin jók mjög á gleypni yfirborðsins á geislun frá sólu á ofanverðum jöklinum og olli aukinni leysingu þar. Á leysingasvæði jökulsins skolaðist askan að mestu burt þegar komið var niður á ís, en á safnsvæðinu sat askan að mestu föst í yfirborðinu. Greining orkubúskapar á veðurstöðvunum í L01 og L05 gefur til kynna að leysing hefði verið sú minnsta á mælitímanum án öskunnar, og afkoman hefði nálgast núll í fyrsta sinn (ekki ósvipað jökulárinu 2008-09. En vegna áhrifa öskunnar varð afkoman mjög nærri meðallagi.

Meðalsumarhiti á Hveravöllum (maí – september) var 4.88°C, sem er 1°C lægra en að meðaltali áratuginn á undan (5. mynd). Maí og júní voru kaldari en flest undangengin ár, en júlí fremur hlýr og bjartur. Á 6. mynd eru sýnd stafræn kort af afkomu Langjökuls 2010-2011. Á 7. mynd er flatardreifing Langjökuls með hæð og uppsöfnuð dreifing afkomu með hæð. Flatardreifingar eru unnar eftir nýju yfirborðskorti Langjökuls fyrir árið 2012 sem byggt er á korti unnu eftir SPOT5-HRS gervitunglamyndum frá ágúst 2012, lagað eftir GPS hæðarsniðum sem mæld voru vítt og breytt um jökulinn 2011 og 2012.




*6. mynd. Kort sem sýna vetrar-, sumar- og ársafkomu Langjökuls jökulárið 2010-2011.*




*7. mynd. Flatardreifing Langjökuls með hæð (yfirborð 2012) og uppsöfnuð dreifing afkomu með hæð, 2010-2011.*




*8. mynd. Samhengi ársafkomu og:* **a**. *vetrarafkomu,* **b**. *sumarafkomu,* **c**. *hæð jafnvægislínu,* **d**. *hlutfalls safnsvæðis af heildarflatarmáli (AAR).*

Á 8. mynd er sýnt samband milli ársafkomu og: a. vetrar-afkomu, b. sumarafkomu, c. Hæð jafnvægislínu (ELA) og d. hlutfalls ákomusvæðis af heildar-flatarmáli jökulsins (AAR). Samhengi milli þessara stærða má nálga með beinni línu eins og sýnt er á myndunum. Þetta samband má nota til að nálgast gildi ársafkomu ef ELA eða AAR er þekkt, t.d. fundið með myndatöku úr lofti eða utan úr geimnum. Við mat bestu beinu línu fyrir ELA og AAR er árinu 2009-2010 sleppt; (2009-2010 voru engar fyrningar, flatarmál safnsvæðis 0). Þessar einföldu nálganir benda til að AAR væri nærri 55% og hæð jafnvægislínu á sunnanverðum jöklinum um 1000 m ef Langjökull væri í jafnvægi miðað við núverandi lögun (heildarársafkoman væri 0). Af mynd 8. a og b má ráða að til að halda jafnvægi við núverandi lögun (ársafkoma=0) þyrfti vetrarafkoma og sumarleysing að vera rétt tæpir 2 m.

Afkoma Langjökuls hefur verið neikvæð allan tímann sem hún hefur verið mæld, frá 1996-97. Samtals hefur jökullinn á 15 árum rýrnað um 21.4 m eða 19.3 km$^3$ (vatnsjafngildi). Þetta svarar til 21.4 km$^3$ af ís, sem er 11 % rýrnun rúmmáls alls jökulsins eða 0.73 % ári.

# 4. Afrennsli leysingavatns frá Langjökli.




*9. mynd. Helstu vatnasvið og vatnaskil á Langjökli. Vatnsvæði Þingvallavatns er afmarkað á tvo vegu, I og II, sjá texta.*

Jökulleysing skilaði að jafnaði 195 $m^3/s$ frá Langjökli tímabilið 1. maí til 30. september 2011, eða 82 $m^3/s$ jafnað yfir heilt ár. Frá jöklinum runnu því að jafnaði um 93 $ls^{-1}km^{-2}$ af jökulbráð. Til mats á heildarafrennsli frá jöklinum þarf að bæta við regni sem fellur á hann og rennur af honum.

Einstök vatnasvið á jökli hafa verið afmörkuð eftir korti af mætti vatns við jökulbotn. Vatnaskil við jökulrönd voru ákvörðuð eftir kortum Landmælinga Íslands og loftmyndum. Vatnaskilin eru sýnd á 9. mynd. Vatnasvið Þingvallavatns var afmarkað á tvo vegu. Annars vegar voru vatnaskil á sporði vestari Hagafellsjökuls ákvörðuð út frá rennsli í ám sem greinilega sjást á kortum og flugmyndum (kallað vatnasvið Þingvallavatns (I)). Hins vegar voru dregin vatnaskil nokkru austar (brotin lína á 9. mynd) upp frá jökuljaðrinum að tillögu Freysteins Sigurðssonar, Orkustofnun, en vatnaskil undir jökli dregin með sömu aðferðum og fyrir önnur vatnaskil (vatnasvið Þingvallavatns (II)). Reiknað var sumarleysingavatn frá jöklinum til nokkurra vatnasviða:




*10. mynd. Meðalársafrennsli leysingarvatns frá vatnasviðum helstu vatnsfalla frá Langjökli 1997-2011. a: Vatnasvið Þingvallavatns (I); b: Vatnasvið Þingvallavatns (II); c: Hvítá í Borgarfirði; d: Hvítárvatn, Hvítá; e: Hagavatn, Sandvatn.. Meðalársafrennsli leysingar allt tímabilið er sýnt með brotinni línu.*

Hagavatns og Sandvatns (eystra), vatnasviðs Þingvallavatns, Hvítár í Borgarfirði og Hvítárvatns, Hvítár í Árnessýslu. Í töflu I. eru settar fram tölur um leysingavatn sumurin 1997 til 2011. Meðalafrennsli á flatareiningu sumarið 2011 var nokkuð breytilegt milli vatnasviða, um 87-103 $ls^{-1}km^{-2}$, hæst á sunnanverðum jöklinum.
Töflur um afrennsli frá helstu vatnsviðum eftir hæðarbilum eru í viðauka E.
Meðalafrennsli á flatareiningu hefur verið á bilinu 71-158 $ls^{-1}km^{-2}$ frá því mælingar hófust 1997. Meðalafrennsli á flatareiningu vegna leysingar sumarsins 2011 var 93 $ls^{-1}km^{-2}$. Á 10. mynd er sýndur breytileiki meðal-ársafrennslis leysingarvatns $Q_a$. Meðalársafrennsli leysingar allt tímabilið (10. mynd brotin lína) er: a: Vatnasvið Þingvallavatns (I) 10,1 $m^3s^{-1}$ ; b: Vatnasvið Þingvallavatns (II) 13,5 $m^3s^{-1}$; c: Hvítá í Borgarfirði 29,2 $m^3s^{-1}$; d: Hvítárvatn, Hvítá 29,3 $m^3s^{-1}$; e: Hagavatn, Sandvatn 19,8 $m^3s^{-1}$.

## Tafla I. Afrennsli leysingavatns frá Langjökli til helstu vatnasviða.

| Ár: | A ($km^2$) 96-06 | 07 | 12 | $\Sigma Q_s$ ($10^6 m^3$) 97 | 98 | 99 | 00 | 01 | 02 | 03 | 04 | 05 | 06 | 07 | 08 | 09 | 10 | **11** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***A*** | 100 | 95 | 91 | 284 | 326 | 248 | 277 | 269 | 351 | 390 | 355 | 262 | 298 | 312 | 366 | 271 | 496 | **294** |
| ***B*** | 146 | 139 | 135 | 326 | 435 | 331 | 377 | 357 | 456 | 526 | 467 | 353 | 394 | 425 | 488 | 358 | 690 | **406** |
| ***C*** | 315 | 305 | 295 | 957 | 796 | 663 | 927 | 771 | 1002 | 1248 | 1007 | 768 | 928 | 830 | 1104 | 629 | 1433 | **807** |
| ***D*** | 295 | 294 | 289 | 934 | 816 | 660 | 842 | 751 | 931 | 1280 | 952 | 733 | 991 | 929 | 1149 | 658 | 1402 | **829** |
| ***E*** | 197 | 190 | 184 | 627 | 634 | 488 | 560 | 526 | 631 | 738 | 652 | 507 | 567 | 630 | 709 | 533 | 989 | **593** |

| Ár: | $Q_s$ ($m^3s^{-1}$) 97 | 98 | 99 | 00 | 01 | 02 | 03 | 04 | 05 | 06 | 07 | 08 | 09 | 10 | **11** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***A*** | 22 | 25 | 19 | 21 | 20 | 27 | 30 | 27 | 20 | 23 | 24 | 28 | 20 | 38 | **22** |
| ***B*** | 25 | 33 | 25 | 29 | 27 | 35 | 40 | 35 | 27 | 30 | 32 | 37 | 27 | 52 | **31** |
| ***C*** | 72 | 60 | 50 | 70 | 58 | 76 | 94 | 76 | 58 | 70 | 63 | 84 | 48 | 108 | **61** |
| ***D*** | 71 | 62 | 50 | 64 | 57 | 70 | 97 | 72 | 55 | 75 | 70 | 87 | 50 | 106 | **63** |
| ***E*** | 47 | 48 | 37 | 42 | 40 | 48 | 56 | 49 | 38 | 43 | 48 | 54 | 40 | 75 | **45** |

| Ár: | $Q_a$ ( $m^3s^{-1}$) 97 | 98 | 99 | 00 | 01 | 02 | 03 | 04 | 05 | 06 | 07 | 08 | 09 | 10 | **11** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***A*** | 9,0 | 10,3 | 7,9 | 8,8 | 8,5 | 11,1 | 12,4 | 11,3 | 8,3 | 9,5 | 9,9 | 11,6 | 8,6 | 15,7 | **9,3** |
| ***B*** | 10,3 | 13,8 | 10,5 | 12,0 | 11,3 | 14,5 | 16,7 | 14,8 | 11,2 | 12,5 | 13,5 | 15,5 | 11,4 | 21,9 | **12,9** |
| ***C*** | 30,3 | 25,2 | 21,0 | 29,4 | 24,4 | 31,8 | 39,6 | 31,9 | 24,3 | 29,4 | 26,3 | 35,0 | 19,9 | 45,4 | **25,6** |
| ***D*** | 29,6 | 25,9 | 20,9 | 26,7 | 23,8 | 29,5 | 40,6 | 30,2 | 23,2 | 31,4 | 29,4 | 36,4 | 20,9 | 44,5 | **26,3** |
| ***E*** | 19,9 | 20,1 | 15,5 | 17,8 | 16,7 | 20,0 | 23,4 | 20,7 | 16,1 | 18,0 | 20,0 | 22,5 | 16,9 | 31,4 | **18,8** |

| Ár: | $q_s$ ($ls^{-1}km^{-2}$) 97 | 98 | 99 | 00 | 01 | 02 | 03 | 04 | 05 | 06 | 07 | 08 | 09 | 10 | **11** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ***A*** | 90 | 103 | 79 | 88 | 85 | 111 | 124 | 113 | 83 | 95 | 105 | 123 | 91 | 167 | **103** |
| ***B*** | 71 | 94 | 72 | 82 | 78 | 99 | 114 | 102 | 76 | 86 | 97 | 111 | 82 | 157 | **95** |
| ***C*** | 96 | 80 | 67 | 93 | 78 | 101 | 126 | 101 | 77 | 93 | 86 | 114 | 65 | 149 | **87** |
| ***D*** | 100 | 88 | 71 | 91 | 81 | 100 | 138 | 102 | 79 | 106 | 100 | 124 | 71 | 151 | **91** |
| ***E*** | 101 | 102 | 79 | 90 | 85 | 102 | 119 | 105 | 82 | 91 | 105 | 118 | 89 | 165 | **102** |

***A***: Þingvallavatn-I; ***B***: Þingvallavatn-II, ***C***:Hvítá í Borgarfirði, ***D***: Hvítárvatn, Hvítá, ***E:*** Hagavatn, Sandvatn.
A: Flatarmál vatnasviðs undir jökli
$\Sigma Q_s$: heildarafrennsli leysingavatns
$Q_s$: meðalrennsli (maí-september, 5 mánuðir)
$Q_a$: meðalrennsli (12 mánuðir)
$q_s$: meðalafrennsli á flatareiningu jökuls (12 mánuðir)
(ath: flatarmál vatnsviða árið 2011 eru unnin eftir hæðarkorti af Langjökli fyrir árið 2012)

## 5. Hraðamælingar.




*11. mynd. Þversnið niður miðjan Hagafellsjökul vestari (yfirborð 1997, punktar sýna yfirborðshæð 2010) og mældur yfirborðshraði á því sniði sumurin 1997, 1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005, 2006, 2007, 2008, 2009, 2010, 2011 og haustið 1998.*

Yfirborðshreyfing jökulsins var mæld í öllum afkomumæli-punktum, með nákvæmri GPS staðsetningu stika að vori og hausti. Þessar mælingar eru gerðar til að kanna flutning fyrninga frá ákomusvæði til leysingasvæðis. Ef jökullinn er í jafnvægi flyst jafnmikið niður á leysingasvæðin og safnast á ákomusvæðin og hraðinn sem til þarf kallast jafnvægishraði. Með samanburði mælds yfirborðshraða og reiknaðs jafnvægis-hraða sést hvort jökullinn hreyfist nægilega hratt til að bera fram afkomu sem á hann safnast. Ef jafnvægishraðinn er hærri en mældur hraði safnast fyrningar á ákomusvæði, jökullinn verður æ brattari og stefnir í framhlaup.
Á 11. mynd sést hvernig hraði hefur breyst




*12. mynd. Meðaltal lárétts yfirborðshraða sumarið 2011.*

á Vestari Hagafellsjökli frá sumrinu 1997 til sumarsins 2011. Lárétti hraðinn er nú svipaður og síðustu ár. Á 12. mynd eru sýndir hraðavigrar í öllum mælistikum. Engar vísbendingar eru um að framhlaup sé í aðsigi á skriðjöklum Langjökuls. Hnit allra hraðamælipunkta eru sýnd í viðauka C og hraði í viðauka D.

## 6. Lokaorð.

Afkoma Langjökuls á jökulárinu 2010-2011 var neikvæð um 1.18 m (vatnsgildi, jafndreift yfir allan jökulinn (~880 km$^2$)). Afkoma hefur verið neikvæð öll þau 15 ár sem hún hefur verið mæld, samtals um 21.4 m að vatnsgildi jafndreift yfir jökulinn eða ísþynning um 23.8 m. Á þessu 15 ára tímabili hefur Langjökull tapað um 11 % massa síns.
Vetrarafkoman var 1.75 m sem er um 4% yfir meðaltali mælitímabilsins og sumarleysing 2,94 m eða 94% meðalárs frá 1996-97 til 2009-10. Sumarleysing varð mun meiri en ella á safnsvæði jökulsins (einkum á sléttunni á sunnanverðum jöklinum) vegna öskuslikju, sem barst inn yfri jökulinn úr öskuflákum á Vatnajökli og suðurlandi (aska úr Eyjafjallajökulsgosinu 2010 og Grímsvatnagosinu í Maí 2011), en sumarið var í kaldara lagi einkum maí og júní.
Þetta ár voru fyrningar eftir jökulárið á um 23% yfirborðsins hæð jafnvægislínu suðurhluta jökulsins 1180 m en 1265 m á norðurhvelinu. Afrennsli leysingarvatns frá jöklinum var um 81 m$^3$s$^{-1}$ eða 93 ls$^{-1}$km$^{-2}$ að jafnaði yfir árið.

# Viðauki A : Afkoma í mælipunktum 2010-2011.

**$b_w$**: vetrarafkoma, **$b_s$**: sumarafkoma, **$b_n$**: ársafkoma.

| Mæli-stika | Staðsetning Breidd | | Lengd | | Hæð (m y.s.) | Dags. að vori | Dags. að hausti | $b_w$ (mm) | $b_s$ (mm) | $b_n$ (mm) | nýsnjór að hausti (mm) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| L01 | 64 | 30,641 | 20 | 27,477 | 555 | 110418 | 110930 | 681 | -6171 | -5490 | 0 |
| L02 | 64 | 31,135 | 20 | 26,720 | 656 | 110418 | 111118 | 682 | -6073 | -5391 | 0 |
| L03 | 64 | 33,023 | 20 | 24,425 | 882 | 110418 | 111118 | 1993 | -3811 | -1818 | 98 |
| L04 | 64 | 34,169 | 20 | 23,412 | 984 | 110418 | 111118 | 1697 | -3435 | -1738 | 105 |
| L05 | 64 | 35,691 | 20 | 22,473 | 1105 | 110418 | 110922 | 1634 | -2531 | -897 | 70 |
| L06 | 64 | 36,589 | 20 | 18,007 | 1196 | 110418 | 110922 | 2375 | -2195 | 180 | 0 |
| L07 | 64 | 38,790 | 20 | 15,799 | 1291 | 110417 | 110922 | 2638 | -2110 | 528 | 0 |
| L08 | 64 | 40,518 | 20 | 16,038 | 1407 | 110417 | 110922 | 1453 | -1661 | -208 | 35 |
| L09 | 64 | 37,649 | 20 | 27,487 | 1378 | 110417 | 110922 | 2196 | -1866 | 330 | 11 |
| L10 | 64 | 36,599 | 20 | 31,986 | 1131 | 110418 | 111118 | 1841 | -2283 | -442 | 168 |
| L11 | 64 | 38,852 | 20 | 31,933 | 893 | 110610 | 110922 | 1855 | -5482 | -3627 | 0 |
| L12 | 64 | 34,537 | 20 | 2,014 | 836 | 110416 | 111118 | 1921 | -3775 | -1854 | 67 |
| L13 | 64 | 36,371 | 20 | 1,501 | 884 | 110416 | 111118 | 2234 | -3647 | -1413 | 175 |
| L14 | 64 | 39,005 | 20 | 1,221 | 1154 | 110416 | 110922 | 2007 | -2118 | -111 | 53 |
| L15 | 64 | 40,817 | 20 | 4,091 | 1184 | 110416 | 110922 | 2055 | -2335 | -280 | 53 |
| L16 | 64 | 38,520 | 20 | 10,137 | 1262 | 110417 | 110922 | 2648 | -1820 | 828 | 0 |
| L17 | 64 | 45,005 | 19 | 59,572 | 1341 | 110416 | 111118 | 1714 | -1474 | 240 | 648 |
| L18 | 64 | 49,773 | 19 | 56,195 | 1428 | 110417 | 111118 | 2756 | -758 | 1998 | 630 |
| L19 | 64 | 50,306 | 19 | 59,052 | 1279 | 110417 | 111118 | 1466 | -2643 | -1177 | 511 |
| L20 | 64 | 50,367 | 20 | 2,865 | 984 | 110417 | 111118 | 915 | -3625 | -2710 | 298 |
| L21 | 64 | 50,573 | 19 | 49,889 | 1147 | 110417 | 111118 | 1481 | -1832 | -351 | 301 |
| L22 | 64 | 50,489 | 19 | 46,688 | 960 | 110417 | 111118 | 1520 | -3770 | -2250 | 119 |
| L23 | 64 | 36,498 | 20 | 6,991 | 1161 | 110419 | | 2188 | | | 462 |

Ath. Afkomutölur eru vatnsjafngildi. Grafið var niður á sumaryfirborð að hausti, og snjóþekja ofan á því ekki talin til sumars (verður með í næsta vetri). Í töflunni eru vatnsgildi nýsnævis í mælipunktum; snjórinn var ekki mjög þéttur og eðlismassi metinn 350 kg/m$^3$.

## Viðauki B : Dreifing afkomu með hæð jökulárið 2010 - 2011

ΔS : flatarmál á hverju hæðarbili, ∑ΔS: uppsafnað flatarmál ofan gefinnar hæðar, bw: vetrarafkoma, bs: sumarafkoma. bn: ársafkoma, $\Delta B_w$ : vetrarafkoma á hæðarbili, $\sum\Delta B_w$: uppsöfnuð vetarafkoma ofan hæðarbils, $\Delta B_s$: sumarafkoma á hæðarbili, $\sum\Delta B_s$: uppsöfnuð sumarafkoma ofan hæðarbils, $\Delta B_n$: ársafkoma á hæðarbili, $\sum B_n$: uppsöfnuð ársafkoma ofan hæðarbils. ( Til grundvallar er stafrænt kort af yfirborði sumarsins 2012).

| **Hæðarbil ( m y. s.)** | | | **ΔS ($km^2$)** | **∑ΔS ($km^2$)** | **bw (mm)** | **bs (mm)** | **bn (mm)** | **$\Delta B_w$ ($10^6 m^3$)** | **$\sum\Delta B_w$ ($10^6 m^3$)** | **$\Delta B_s$ ($10^6 m^3$)** | **$\sum\Delta B_s$ ($10^6 m^3$)** | **$\Delta B_n$ ($10^6 m^3$)** | **$\sum B_n$ ($10^6 m^3$)** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1400 | 1450 | 1425 | 5,0 | 5,0 | 2534 | -1044 | 1489 | 12,5 | 12,5 | -5,2 | -5,2 | 7,4 | 7,4 |
| 1350 | 1400 | 1375 | 24,0 | 29,0 | 2094 | -1535 | 559 | 50,2 | 62,7 | -36,8 | -42,0 | 13,4 | 20,8 |
| 1300 | 1350 | 1325 | 51,6 | 80,6 | 1986 | -1740 | 246 | 102,5 | 165,2 | -89,8 | -131,8 | 12,7 | 33,5 |
| 1250 | 1300 | 1275 | 72,5 | 153,1 | 2049 | -1875 | 174 | 148,5 | 313,8 | -135,9 | -267,7 | 12,6 | 46,1 |
| 1200 | 1250 | 1225 | 94,3 | 247,4 | 2107 | -2039 | 68 | 198,7 | 512,5 | -192,3 | -459,9 | 6,5 | 52,6 |
| 1150 | 1200 | 1175 | 101,9 | 349,3 | 1942 | -2210 | -267 | 198,0 | 710,5 | -225,3 | -685,2 | -27,3 | 25,3 |
| 1100 | 1150 | 1125 | 99,8 | 449,1 | 1848 | -2398 | -550 | 184,5 | 895,0 | -239,4 | -924,7 | -55,0 | -29,7 |
| 1050 | 1100 | 1075 | 87,3 | 536,4 | 1753 | -2739 | -985 | 153,0 | 1048,0 | -239,1 | -1163,7 | -86,1 | -115,7 |
| 1000 | 1050 | 1025 | 79,7 | 616,1 | 1679 | -3205 | -1526 | 133,8 | 1181,9 | -255,5 | -1419,3 | -121,7 | -237,4 |
| 950 | 1000 | 975 | 56,8 | 672,9 | 1614 | -3701 | -2086 | 91,6 | 1273,5 | -210,1 | -1629,4 | -118,5 | -355,9 |
| 900 | 950 | 925 | 49,0 | 721,9 | 1565 | -4068 | -2503 | 76,7 | 1350,2 | -199,2 | -1828,6 | -122,6 | -478,4 |
| 850 | 900 | 875 | 42,1 | 764,0 | 1528 | -4220 | -2691 | 64,4 | 1414,6 | -177,8 | -2006,5 | -113,4 | -591,9 |
| 800 | 850 | 825 | 30,9 | 794,9 | 1380 | -4439 | -3058 | 42,6 | 1457,2 | -137,0 | -2143,4 | -94,4 | -686,2 |
| 750 | 800 | 775 | 25,6 | 820,5 | 1191 | -4712 | -3521 | 30,5 | 1487,7 | -120,8 | -2264,2 | -90,3 | -776,5 |
| 700 | 750 | 725 | 20,2 | 840,7 | 1083 | -5024 | -3941 | 21,9 | 1509,6 | -101,5 | -2365,7 | -79,6 | -856,1 |
| 650 | 700 | 675 | 12,5 | 853,2 | 911 | -5419 | -4508 | 11,4 | 1521,0 | -67,9 | -2433,6 | -56,5 | -912,6 |
| 600 | 650 | 625 | 8,4 | 861,6 | 744 | -5810 | -5065 | 6,2 | 1527,3 | -48,7 | -2482,4 | -42,5 | -955,1 |
| 550 | 600 | 575 | 6,9 | 868,5 | 678 | -6155 | -5477 | 4,6 | 1531,9 | -42,2 | -2524,5 | -37,5 | -992,6 |
| 500 | 550 | 525 | 4,8 | 873,3 | 626 | -6432 | -5806 | 3,0 | 1534,9 | -30,6 | -2555,1 | -27,6 | -1020,2 |
| 450 | 500 | 475 | 2,2 | 875,5 | 590 | -6592 | -6002 | 1,3 | 1536,2 | -14,8 | -2569,9 | -13,5 | -1033,7 |
| 400 | 450 | 425 | 0,5 | 876,0 | 522 | -6854 | -6332 | 0,3 | 1536,5 | -3,8 | -2573,7 | -3,5 | -1037,2 |

# Viðauki C: Hnit hraðamælipunkta 2011

Mæld staðsetning mælistika á Langjökli 2011, GPS mælingar. Nákvæmni er áætluð um 5 cm fyrir mælingar merktar K og FS (Kinematic eða faststatic GPS). $h_l$ er hæð yfir ellipsóíðu (ISNET-93, NKG96 Geoíða), ΔL loftnetshæð og N áætlaður mismunur ellipsóíðu og geóíðuhæðar, ($H=h_l-N-\Delta L$).

| Stika | | Dags. | | Dagur árs | Ár | Breiddar- gráða | | Lengdar- gráða | | $h_l$ (m y. e.) | ΔL (m) | N (m) | H (m y. s.) | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| L01o | 17,47 | 18 | 4 | 108 | 2011 | 64 | 30,64141 | 20 | 27,47699 | 622,47 | 0,00 | -67,05 | 555,41 | K |
| L02o | 18,28 | 18 | 4 | 108 | 2011 | 64 | 31,13530 | 20 | 26,71988 | 723,00 | 0,00 | -67,08 | 655,92 | K |
| L02o | 14,14 | 18 | 11 | 322 | 2011 | 64 | 31,13199 | 20 | 26,72324 | 715,95 | 0,00 | -67,08 | 648,87 | K |
| L03o | 19,80 | 18 | 4 | 108 | 2011 | 64 | 33,02275 | 20 | 24,42505 | 949,35 | 0,00 | -67,17 | 882,19 | K |
| L03o | 13,68 | 18 | 11 | 322 | 2011 | 64 | 33,00988 | 20 | 24,43748 | 942,67 | 0,00 | -67,16 | 875,50 | K |
| L04o | 20,43 | 18 | 4 | 108 | 2011 | 64 | 34,16880 | 20 | 23,41164 | 1051,48 | 0,00 | -67,21 | 984,27 | K |
| L04o | 13,26 | 18 | 11 | 322 | 2011 | 64 | 34,15282 | 20 | 23,43109 | 1045,88 | 0,00 | -67,21 | 978,66 | K |
| L05o | 22,45 | 18 | 4 | 108 | 2011 | 64 | 35,69114 | 20 | 22,47292 | 1172,03 | 0,00 | -67,25 | 1104,78 | K |
| L05o | 17,17 | 22 | 9 | 265 | 2011 | 64 | 35,68401 | 20 | 22,47348 | 1165,54 | 0,00 | -67,25 | 1098,29 | FS |
| L06o | 0,00 | 18 | 4 | 108 | 2011 | 64 | 36,58856 | 20 | 18,00692 | 1263,50 | 0,00 | -67,27 | 1196,23 | O |
| L06o | 16,51 | 22 | 9 | 265 | 2011 | 64 | 36,58351 | 20 | 18,01079 | 1257,23 | 0,00 | -67,27 | 1189,95 | FS |
| L07o | 18,42 | 17 | 4 | 107 | 2011 | 64 | 38,79016 | 20 | 15,79853 | 1358,06 | 0,00 | -67,28 | 1290,77 | K |
| L07o | 13,81 | 22 | 9 | 265 | 2011 | 64 | 38,78745 | 20 | 15,79496 | 1345,01 | 0,00 | -67,28 | 1277,73 | FS |
| L08o | 19,30 | 17 | 4 | 107 | 2011 | 64 | 40,51807 | 20 | 16,03815 | 1474,49 | 0,00 | -67,27 | 1407,22 | K |
| L08o | 13,38 | 22 | 9 | 265 | 2011 | 64 | 40,51820 | 20 | 16,03782 | 1470,71 | 0,00 | -67,27 | 1403,44 | FS |
| L09o | 20,85 | 17 | 4 | 107 | 2011 | 64 | 37,64912 | 20 | 27,48683 | 1445,25 | 0,00 | -67,24 | 1378,01 | K |
| L09o | 12,61 | 22 | 9 | 265 | 2011 | 64 | 37,65048 | 20 | 27,48641 | 1439,27 | 0,00 | -67,24 | 1372,03 | FS |
| L10o | 13,72 | 18 | 4 | 108 | 2011 | 64 | 36,59923 | 20 | 31,98560 | 1198,20 | 0,00 | -67,16 | 1131,04 | K |
| L10o | 12,88 | 18 | 11 | 322 | 2011 | 64 | 36,59839 | 20 | 31,98539 | 1194,76 | 0,00 | -67,16 | 1127,59 | K |
| L11o | 12,48 | 18 | 4 | 108 | 2011 | 64 | 38,85183 | 20 | 31,93251 | 960,19 | 0,00 | -67,13 | 893,06 | K |
| L11o | 10,75 | 22 | 9 | 265 | 2011 | 64 | 38,85280 | 20 | 31,93143 | 951,75 | 0,00 | -67,13 | 884,62 | FS |
| L12o | 14,93 | 16 | 4 | 106 | 2011 | 64 | 34,53726 | 20 | 2,01375 | 903,03 | 0,00 | -67,16 | 835,87 | K |
| L12o | 10,63 | 18 | 11 | 322 | 2011 | 64 | 34,53703 | 20 | 2,00864 | 896,00 | 0,00 | -67,16 | 828,84 | K |
| L13o | 16,83 | 16 | 4 | 106 | 2011 | 64 | 36,37074 | 20 | 1,50112 | 951,02 | 0,00 | -67,20 | 883,82 | K |
| L13o | 11,06 | 18 | 11 | 322 | 2011 | 64 | 36,36357 | 20 | 1,48366 | 944,80 | 0,00 | -67,20 | 877,60 | K |
| L14o | 18,35 | 16 | 4 | 106 | 2011 | 64 | 39,00492 | 20 | 1,22102 | 1221,01 | 0,00 | -67,24 | 1153,77 | K |
| L14o | 15,48 | 22 | 9 | 265 | 2011 | 64 | 39,00490 | 20 | 1,21964 | 1216,49 | 0,00 | -67,24 | 1149,24 | FS |
| L15o | 19,38 | 16 | 4 | 106 | 2011 | 64 | 40,81715 | 20 | 4,09112 | 1250,79 | 0,00 | -67,27 | 1183,52 | K |
| L15o | 14,85 | 22 | 9 | 265 | 2011 | 64 | 40,81775 | 20 | 4,08737 | 1246,71 | 0,00 | -67,27 | 1179,44 | FS |
| L16o | 17,13 | 17 | 4 | 107 | 2011 | 64 | 38,52024 | 20 | 10,13665 | 1328,87 | 0,00 | -67,28 | 1261,59 | K |
| L16o | 14,25 | 22 | 9 | 265 | 2011 | 64 | 38,51918 | 20 | 10,13434 | 1323,73 | 0,00 | -67,28 | 1256,45 | FS |
| L17o | 20,63 | 16 | 4 | 106 | 2011 | 64 | 45,00510 | 19 | 59,57235 | 1408,09 | 0,00 | -67,26 | 1340,83 | K |
| L17o | 13,38 | 18 | 11 | 322 | 2011 | 64 | 45,00520 | 19 | 59,57383 | 1405,19 | -0,80 | -67,26 | 1337,13 | FS |
| L18o | 11,25 | 17 | 4 | 107 | 2011 | 64 | 49,77297 | 19 | 56,19536 | 1495,24 | 0,00 | -67,25 | 1427,99 | K |
| L18o | 17,51 | 18 | 11 | 322 | 2011 | 64 | 49,77328 | 19 | 56,19684 | 1490,81 | 0,00 | -67,25 | 1423,57 | K |

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| L19o | 10,23 | 17 | 4 | 107 | 2011 | 64 | 50,30644 | 19 | 59,05217 | 1346,58 | 0,00 | -67,23 | 1279,35 | K |
| L19o | 15,75 | 18 | 11 | 322 | 2011 | 64 | 50,30852 | 19 | 59,06004 | 1342,77 | -0,96 | -67,23 | 1274,58 | FS |
| L20o | 9,28 | 17 | 4 | 107 | 2011 | 64 | 50,36741 | 20 | 2,86469 | 1050,75 | 0,00 | -67,18 | 983,57 | K |
| L20o | 14,72 | 18 | 11 | 322 | 2011 | 64 | 50,36844 | 20 | 2,86923 | 1047,36 | -0,96 | -67,18 | 979,22 | FS |
| L21o | 12,32 | 17 | 4 | 107 | 2011 | 64 | 50,57290 | 19 | 49,88929 | 1213,98 | 0,00 | -67,23 | 1146,75 | K |
| L21o | 18,90 | 18 | 11 | 322 | 2011 | 64 | 50,57419 | 19 | 49,87089 | 1212,07 | 0,00 | -67,23 | 1144,84 | K |
| L22o | 13,90 | 17 | 4 | 107 | 2011 | 64 | 50,48939 | 19 | 46,68835 | 1026,86 | 0,00 | -67,19 | 959,68 | K |
| L22o | 18,47 | 18 | 11 | 322 | 2011 | 64 | 50,48883 | 19 | 46,68435 | 1021,31 | 0,00 | -67,19 | 954,13 | K |
| L23o | 0,77 | 19 | 4 | 109 | 2011 | 64 | 36,49768 | 20 | 6,99110 | 1227,87 | 0,00 | -67,25 | 1160,61 | K |

Ath. Hæð að hausti er miðuð við sumarflöt (hausthvörf), þ.e. grafið er í gegnum nýsnjóinn og hæð mæld að hjarni/ís undir nýsnjónum.




*Lega yfiborðshæðarsniða sem mæld voru með nákvæmum (~10 cm) GPS tækjum. Snið mæld að vori á vinstri mynd en að hausti á þeirri hægri.*

# Viðauki D: Mældur láréttur yfirborðshraði á Langjökli 2011

| Stika | dags. | dagur árs | dags. | dagur árs | daga fjöldi | færsla (m) | ( °) | láréttur (cm/dag) | hraði (m/ári) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| L02o | 110418 | 108 | 111118 | 322 | 214 | 6,69 | 204 | 3,13 | 11,42 |
| L03o | 110418 | 108 | 111118 | 322 | 214 | 25,82 | 203 | 12,07 | 44,04 |
| L04o | 110418 | 108 | 111118 | 322 | 214 | 33,42 | 208 | 15,62 | 57,01 |
| L05o | 110418 | 108 | 110922 | 265 | 157 | 13,21 | 182 | 8,42 | 30,72 |
| L06n | 100418 | 108 | 101004 | 277 | 169 | 10,01 | 216 | 5,93 | 21,63 |
| L06o | 110418 | 108 | 110922 | 265 | 157 | 9,85 | 198 | 6,27 | 22,90 |
| L07o | 110417 | 107 | 110922 | 265 | 158 | 5,77 | 150 | 3,65 | 13,32 |
| L08o | 110417 | 107 | 110922 | 265 | 158 | 0,36 | 47 | 0,23 | 0,82 |
| L09o | 110417 | 107 | 110922 | 265 | 158 | 2,54 | 8 | 1,61 | 5,87 |
| L10o | 110418 | 108 | 111118 | 322 | 214 | 1,56 | 174 | 0,73 | 2,67 |
| L11o | 110418 | 108 | 110922 | 265 | 157 | 1,99 | 26 | 1,27 | 4,63 |
| L12o | 110416 | 106 | 111118 | 322 | 216 | 4,10 | 96 | 1,90 | 6,93 |
| L13o | 110416 | 106 | 111118 | 322 | 216 | 19,24 | 134 | 8,91 | 32,51 |
| L14o | 110416 | 106 | 110922 | 265 | 159 | 1,10 | 92 | 0,69 | 2,52 |
| L15o | 110416 | 106 | 110922 | 265 | 159 | 3,18 | 70 | 2,00 | 7,31 |
| L16o | 110417 | 107 | 110922 | 265 | 158 | 2,69 | 137 | 1,70 | 6,22 |
| L17o | 110416 | 106 | 111118 | 322 | 216 | 1,19 | 279 | 0,55 | 2,01 |
| L18o | 110417 | 107 | 111118 | 322 | 215 | 1,30 | 296 | 0,61 | 2,21 |
| L19o | 110417 | 107 | 111118 | 322 | 215 | 7,32 | 302 | 3,40 | 12,42 |
| L20o | 110417 | 107 | 111118 | 322 | 215 | 4,06 | 298 | 1,89 | 6,90 |
| L21o | 110417 | 107 | 111118 | 322 | 215 | 14,74 | 81 | 6,86 | 25,02 |
| L22o | 110417 | 107 | 111118 | 322 | 215 | 3,33 | 108 | 1,55 | 5,65 |

## Viðauki E: Afrennsli vegna jökulleysingar sumarið 2011:

$\Delta S$: flatarmál á gefnu hæðarbili, $\Delta Q_s$: afrennsli á gefnu hæðarbili, $\sum Q_s$: uppsafnað afrennsli leysingarvatns af jökli ofan nefndrar hæðar.

**Allur Langjökull**

| Hæðarbil m y. s. | | $\Delta S$ km$^2$ | $\Delta Q_s$ ($10^6 m^3$) | $\sum Q_s$ ($10^6 m^3$) |
|---|---|---|---|---|
| 1400 | 1450 | 5,0 | 5,2 | 5,2 |
| 1350 | 1400 | 24,0 | 36,8 | 42,0 |
| 1300 | 1350 | 51,6 | 89,8 | 131,8 |
| 1250 | 1300 | 72,5 | 135,9 | 267,7 |
| 1200 | 1250 | 94,3 | 192,3 | 459,9 |
| 1150 | 1200 | 101,9 | 225,3 | 685,2 |
| 1100 | 1150 | 99,8 | 239,4 | 924,7 |
| 1050 | 1100 | 87,3 | 239,1 | 1163,7 |
| 1000 | 1050 | 79,7 | 255,5 | 1419,3 |
| 950 | 1000 | 56,8 | 210,1 | 1629,4 |
| 900 | 950 | 49,0 | 199,2 | 1828,6 |
| 850 | 900 | 42,1 | 177,8 | 2006,5 |
| 800 | 850 | 30,9 | 137,0 | 2143,4 |
| 750 | 800 | 25,6 | 120,8 | 2264,2 |
| 700 | 750 | 20,2 | 101,5 | 2365,7 |
| 650 | 700 | 12,5 | 67,9 | 2433,6 |
| 600 | 650 | 8,4 | 48,7 | 2482,4 |
| 550 | 600 | 6,9 | 42,2 | 2524,5 |
| 500 | 550 | 4,8 | 30,6 | 2555,1 |
| 450 | 500 | 2,2 | 14,8 | 2569,9 |
| 400 | 450 | 0,5 | 3,8 | 2573,7 |

**Vatnasvið Þingvallavatns (I)**

| Hæðarbil m y. s. | | ΔS $km^2$ | $\Delta Q_s$ $(10^6 m^3)$ | $\sum Q_s$ $(10^6 m^3)$ |
|---|---|---|---|---|
| 1350 | 1400 | 1,0 | 1,9 | 1,9 |
| 1300 | 1350 | 4,8 | 9,3 | 11,2 |
| 1250 | 1300 | 6,8 | 13,7 | 24,9 |
| 1200 | 1250 | 6,5 | 13,7 | 38,6 |
| 1150 | 1200 | 7,7 | 17,4 | 55,9 |
| 1100 | 1150 | 8,6 | 20,6 | 76,6 |
| 1050 | 1100 | 7,9 | 20,9 | 97,5 |
| 1000 | 1050 | 7,3 | 22,2 | 119,7 |
| 950 | 1000 | 6,2 | 21,1 | 140,8 |
| 900 | 950 | 6,9 | 25,1 | 165,9 |
| 850 | 900 | 6,6 | 25,7 | 191,7 |
| 800 | 850 | 5,4 | 23,2 | 214,8 |
| 750 | 800 | 5,0 | 23,3 | 238,1 |
| 700 | 750 | 4,1 | 20,8 | 258,9 |
| 650 | 700 | 2,4 | 13,5 | 272,4 |
| 600 | 650 | 1,9 | 11,2 | 283,6 |
| 550 | 600 | 1,3 | 8,1 | 291,6 |
| 500 | 550 | 0,3 | 2,2 | 293,8 |

**Vatnasvið Þingvallavatns (II)**

| Hæðarbil m y. s. | | $\Delta S$ km$^2$ | $\Delta Q_s$ ($10^6 m^3$) | $\sum Q_s$ ($10^6 m^3$) |
|---|---|---|---|---|
| 1400 | 1450 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 1350 | 1400 | 3,0 | 5,6 | 5,7 |
| 1300 | 1350 | 11,0 | 21,4 | 27,0 |
| 1250 | 1300 | 13,6 | 27,5 | 54,5 |
| 1200 | 1250 | 17,3 | 36,6 | 91,1 |
| 1150 | 1200 | 13,6 | 30,4 | 121,5 |
| 1100 | 1150 | 11,8 | 28,4 | 149,9 |
| 1050 | 1100 | 9,7 | 25,9 | 175,8 |
| 1000 | 1050 | 8,7 | 26,3 | 202,1 |
| 950 | 1000 | 7,0 | 23,8 | 225,9 |
| 900 | 950 | 7,5 | 27,3 | 253,2 |
| 850 | 900 | 7,2 | 28,1 | 281,3 |
| 800 | 850 | 5,9 | 25,3 | 306,5 |
| 750 | 800 | 5,5 | 25,7 | 332,2 |
| 700 | 750 | 4,7 | 23,8 | 356,0 |
| 650 | 700 | 3,0 | 16,8 | 372,7 |
| 600 | 650 | 2,5 | 15,1 | 387,8 |
| 550 | 600 | 1,9 | 12,1 | 399,9 |
| 500 | 550 | 0,9 | 5,9 | 405,8 |
| 450 | 500 | 0,0 | 0,4 | 406,2 |

**Hvítá í Borgarfirði**

| Hæðarbil m y. s. | | ΔS $km^2$ | $\Delta Q_s$ $(10^6 m^3)$ | $\sum Q_s$ $(10^6 m^3)$ |
|---|---|---|---|---|
| 1400 | 1450 | 1,9 | 2,1 | 2,1 |
| 1350 | 1400 | 12,5 | 18,9 | 21,0 |
| 1300 | 1350 | 26,1 | 44,8 | 65,7 |
| 1250 | 1300 | 35,4 | 65,2 | 130,9 |
| 1200 | 1250 | 35,7 | 70,9 | 201,8 |
| 1150 | 1200 | 35,6 | 78,5 | 280,4 |
| 1100 | 1150 | 33,5 | 81,3 | 361,7 |
| 1050 | 1100 | 33,1 | 93,2 | 454,9 |
| 1000 | 1050 | 24,5 | 83,3 | 538,2 |
| 950 | 1000 | 17,6 | 71,2 | 609,4 |
| 900 | 950 | 13,6 | 64,1 | 673,6 |
| 850 | 900 | 9,1 | 45,5 | 719,1 |
| 800 | 850 | 6,8 | 35,2 | 754,3 |
| 750 | 800 | 4,6 | 24,2 | 778,5 |
| 700 | 750 | 3,2 | 18,0 | 796,4 |
| 650 | 700 | 1,8 | 10,3 | 806,8 |
| 600 | 650 | 0,0 | 0,5 | 807,3 |

## Hvítárvatn, Hvítá í Árnessýslu

| Hæðarbil m y. s. | | ΔS $km^2$ | $\Delta Q_s$ $(10^6 m^3)$ | $\Sigma Q_s$ $(10^6 m^3)$ |
|---|---|---|---|---|
| 1400 | 1450 | 3,0 | 3,0 | 3,0 |
| 1350 | 1400 | 7,2 | 10,0 | 13,0 |
| 1300 | 1350 | 12,0 | 19,0 | 32,0 |
| 1250 | 1300 | 15,3 | 26,9 | 58,9 |
| 1200 | 1250 | 24,6 | 49,5 | 108,4 |
| 1150 | 1200 | 39,1 | 85,6 | 193,9 |
| 1100 | 1150 | 37,5 | 88,3 | 282,3 |
| 1050 | 1100 | 29,1 | 77,5 | 359,8 |
| 1000 | 1050 | 32,2 | 101,2 | 461,0 |
| 950 | 1000 | 22,5 | 81,6 | 542,6 |
| 900 | 950 | 19,4 | 76,8 | 619,3 |
| 850 | 900 | 17,5 | 71,8 | 691,1 |
| 800 | 850 | 10,6 | 45,4 | 736,5 |
| 750 | 800 | 7,9 | 36,0 | 772,5 |
| 700 | 750 | 5,9 | 28,3 | 800,8 |
| 650 | 700 | 2,2 | 11,5 | 812,3 |
| 600 | 650 | 1,1 | 6,3 | 818,6 |
| 550 | 600 | 1,0 | 5,5 | 824,1 |
| 500 | 550 | 0,6 | 3,5 | 827,6 |
| 450 | 500 | 0,2 | 1,0 | 828,6 |

**Hagavatn (og Sandvatn)**

| Hæðarbil m y. s. | | ΔS $km^2$ | $\Delta Q_s$ $(10^6 m^3)$ | $\sum Q_s$ $(10^6 m^3)$ |
|---|---|---|---|---|
| 1400 | 1450 | 0,0 | 0,1 | 0,1 |
| 1350 | 1400 | 3,3 | 6,0 | 6,1 |
| 1300 | 1350 | 8,7 | 16,7 | 22,8 |
| 1250 | 1300 | 14,4 | 29,0 | 51,8 |
| 1200 | 1250 | 25,1 | 53,0 | 104,8 |
| 1150 | 1200 | 16,5 | 36,9 | 141,6 |
| 1100 | 1150 | 17,1 | 41,0 | 182,6 |
| 1050 | 1100 | 14,1 | 38,0 | 220,6 |
| 1000 | 1050 | 14,0 | 43,4 | 264,1 |
| 950 | 1000 | 9,9 | 34,0 | 298,0 |
| 900 | 950 | 8,8 | 32,2 | 330,2 |
| 850 | 900 | 8,8 | 33,9 | 364,1 |
| 800 | 850 | 7,8 | 32,3 | 396,3 |
| 750 | 800 | 8,0 | 36,4 | 432,8 |
| 700 | 750 | 6,7 | 33,3 | 466,0 |
| 650 | 700 | 5,8 | 31,2 | 497,2 |
| 600 | 650 | 5,1 | 29,6 | 526,9 |
| 550 | 600 | 4,4 | 27,3 | 554,1 |
| 500 | 550 | 3,6 | 23,6 | 577,7 |
| 450 | 500 | 1,9 | 12,5 | 590,2 |
| 400 | 450 | 0,4 | 3,1 | 593,2 |

# Viðauki F: MODIS gervihnattamyndir af Langjökli og nágrenni 2010-2011.



*Vinstri: 22. september 2010; Snjóföl á Langjökli í sumarlok. Hægri: 2. október 2010; nýsnjó neðan um 1150 m hefur tekið upp.*



*Vinstri: 31.október 2010; Snjór um allan Langjökul en nær ekkert á hálendinu. Hægri: 21. nóvember 2010; Nær óbreytt, aðeins bætt í snjó á norðurhálendinu.*



*Vinstri: 18. janúar 2011; Enn grámar í land gegnun snjó á hálendinu.  Hægri: 9. mars; snjóþekja hefur þykknað.*



*Vinstri: 3.maí. Snjó á hálendi hefur að mestu tekið upp.  Hægri:  22. maí; Lítil breyting, kuldatíð.*



*Vinstri: 9. júní. Leysing hafin á jökulsporðum, lítil sem engin aska hefur enn borist á yfirborðið. Hægri: 15. júní. Nú er jökullinn orðinn öskugrár, nema rétt efst þar sem líklega hefur lítillega snjóað.*



*Vinstri: 30. júní. Greinilega hefur leyst niður á ís (grátt) neðst á Hagfellsjöklum, en snjóað hefur ofan ~1350 m. Hægri: 20. júlí. Á Hagfellsjökli er snjólína komin í um 900 m hæð, en allur snjórinn öskugrár.*



*Vinstri: 25. ágúst; Snjólína á Hagafellsjökli í um 1100 m, greinilega hefur snjóað efst á jökulinn. Hægri: 10. september er staðan mjög svipuð, en heldur meiri nýsnjór á hájöklinum.*



*Vinstri: 17. september; Snjólína á Hagafellsjökli hefur enn hækkað og nýsnjór horfinn. Hægri: 22. September, vetur er genginn í garð.*

Þessar myndir eru ýmist úr MODIS Aqua eða MODIS Terra gervitunglunum, á sýnilega ljóssviðinu með 250 m upplausn. (Sjá t.d. http://rapidfire.sci.gsfc.nasa.gov/)

*The Moderate Resolution Imaging Spectroradiometer (MODIS) flies onboard NASA's Aqua and Terra satellites as part of the NASA-centered international Earth Observing System. Both satellites orbit the Earth from pole to pole, seeing most of the globe every day. Onboard Terra, MODIS sees the Earth*

Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavik
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími:  515 90 00



UMHVERFISMERKI
141 381
Prentað efni